

# Lög

um breytingar á ýmsum lögum er varða útgáfu leyfa o.fl.

## I. KAFLI

**Breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „Lögreglustjórar“, „lögreglustjóri“ og „lögreglustjóra“ í 1. másl. 3. mgr. 2. gr., 2. másl. 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 12. gr. og 1. og 2. másl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur í viðeigandi tölu og beygingarfalli: sýslumaður.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43 30. mars 1987,  
með síðari breytingum.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Á eftir orðinu „Tollstjórar“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: og sýslumenn, að undanskildum sýslumönnum í Reykjavík og Keflavík.
- Á eftir orðinu „tollstjórum“ í 2. og 3. másl. 1. mgr. kemur: og sýslumönnum.
- Á eftir orðinu „tollstjóra“ fyrri sinni í 1. másl. 2. mgr. kemur: og sýslumanna.
- Á eftir orðinu „tollstjóra“ síðara sinni í 1. másl. 2. mgr. kemur: eða sýslumanna.
- Á eftir orðinu „tollstjóra“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: eða sýslumanns.
3. másl. 2. mgr. orðast svo: Tollstjórar og sýslumenn skulu hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.

## III. KAFLI

**Breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.**

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

1. másl. 1. mgr. orðast svo: Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjórinn gefur út.
- Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ríkislögreglustjórinn getur falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast útgáfu ökuskírteina.

4. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóri“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: útgefandi ökuréttinda.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: sýslumanns, að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík, en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu fer með það hlutverk.
- b. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóri“ í 6. mgr. kemur: Útgefandi ökukennararéttinda.

6. gr.

Í stað orðanna „ríkislögreglustjóri“ og „ríkislögreglustjóra“ í 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 3. mgr. 106. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989, með síðari breytingum.**

7. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumenn í hverju umdæmi skulu veita leyfisumsóknum viðtöku fyrir hönd lögreglustjóra umdæmisins.

8. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu bera einkennisfatnað eftir því sem ráðherra ákveður í reglugerð.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61 1. júní 1992, með síðari breytingum.**

9. gr.

Á eftir orðinu „sýslumanns“ í 1. gr. laganna kemur: að höfðu samráði við lögreglustjóra.

## VI. KAFLI

**Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993, með síðari breytingum.**

10. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. másl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: sýslumanns, að höfðu samráði við lögreglustjóra.

## VII. KAFLI

**Breyting á vopnalögum, nr. 16 25. mars 1998, með síðari breytingum.**

11. gr.

Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: lögreglustjóra; og orðið „lögreglustjóra“ í 2. másl. sömu málsgreinar fellur brott.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „nema með leyfi ríkislögreglustjóra“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: í atvinnuskyni nema með leyfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.
- b. 3. másl. 1. mgr. fellur brott.
- c. Orðið „lögreglustjóra“ í 4. másl. 1. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 2. mgr. og 2. másl. 3. mgr. kemur: Lögreglustjóra.
- e. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. másl. 7. mgr. kemur: lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.
- f. Í stað orðanna „Ríkislögreglustjóri getur og“ í 2. másl. 7. mgr. kemur: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu getur og, að fenginni umsögn ríkislögreglustjóra.

## 13. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi lögreglustjóra, enda liggja fyrir staðfesting frá þar til bærum yfirvöldum um heimild fyrir innflutningi. Ákvæði þetta á aðeins við þegar um varanlegan útflutning er að ræða.

## 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
- b. 4. mgr. orðast svo:  
Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til að selja skotelda í smásölu.
- c. Orðin „lögreglustjóra og“ í 6. mgr. falla brott.
- d. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 7. mgr. kemur: lögreglustjóra.

## 15. gr.

Í stað orðsins „Ríkislögreglustjóra“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Lögreglustjóra.

## 16. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

## 17. gr.

Í stað orðanna „Ríkislögreglustjóri“ og „ríkislögreglustjóra“ í 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: lögreglustjóri.

## 18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ríkislögreglustjóra“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: lögreglustjóra.
- b. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.

## 19. gr.

Síðari málsliður 4. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um úðavopn, svo sem gasvopn og táragasvopn.

## VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um verslunaratvinnu, nr. 28 8. apríl 1998, með síðari breytingum.**

20. gr.

Í stað orðsins „lögreglustjóra“ í 1. mgr. 12. gr. og 1. og 2. másl. 2. mgr. 20. gr. og orðsins „lögreglustjóri“ í 1. másl. 5. mgr. 23. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarfalli: sýslumaður.

## IX. KAFLI

**Gildistaka.**

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. mars 2007.*